

Smiðja 1, 2018-2019

Öll kennsla í Grunnskólanum á Hellu byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Í greinahluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2013 eru hæfniviðmið í list- og verkgreinum. Í 21. kafla aðalnámskrár, sem fjallar um list- og verkgreinar, má sjá töflu yfir þá hæfni sem hver nemandi skal búa yfir við lok 4. 7. og 10. bekkjar. Sjá:

http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/7FC6618E765E116300257B2F003C2817/Attachment/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013.pdf

Megintilgangur með námi í list- og verkgreinum í grunnskóla er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu hugar, hjarta og handar.

Nemendur í 5.-7. bekk fá kennslu í smiðjum í 2x40 mín. á viku allan veturinn. Nemendum er skipt í þrjá hópa og fara í eina smiðju á hverri önn.

Heimilisfræði

Kennari: Svava Þorsteinsdóttir

Kennsluhættir: Innlögn kennara þar sem kynnt eru viðfangsefni hvernar kennslustundar og uppskriftir og aðferðir ræddar. Nemendur búa til einfalda rétti og vinna ýmis verkefni einstaklingslega eða í litlum hópum. Lögð er áhersla á hollar matarvenjur ásamt tengslum á milli hollustu og heilbrigðis og tannverndar. Farið yfir helstu kosti eigin ræktunar, moltugerðar og fleira. Einnig er farið yfir siði og venjur t.d á hátíðum, þorranum o.fl.

Námsgögn: Gott og gaman, Heimilisfræði 2-4, Gott og gagnlegt og ýmis önnur verkefni.

Myndmennt

Kennari: Birta Huld Halldórsdóttir

Kennsluhættir: Nemendur vinna hin ýmsu myndverk saman eða sér. Lagt er upp úr að nemendur kynnist sem fjölbreyttastri gerð myndverka svo sem vatnslitum, þekjulitum, kolum, trélitum, klippimyndum o.fl. Reynt verður að nota mismunandi hráefni úr náttúrunni og úr heimi mannanna. Reynt verður eftir bestu getu að hafa listsköpun nemenda til sýnis.

Námsgögn: Efni og áhöld sem hæfa hverju verkefni, bækur, hugmyndir frá kennara og verkefni af veraldarvefnum.

Smíði

Kennari: Eydís Hrönn Tómasdóttir

Kennsluhættir: Einföld algeng handverkfæri kynnt. Lögð áhersla á fjölbreytt verkefni sköpun, efni og áhöld sem hæfa aldri. Nemendur teikna, lita, mála, negla, saga eftir teikningu og pússa hlutinn. Þannig lærir nemandinn að beita verkfærum á réttan hátt, bera virðingu fyrir handverki og verkfærum og kynnist vandvirkni og iðjusemi.

Námsgögn: Efni og áhöld sem hæfa hverju verkefni, bækur, hugmyndir frá kennara og verkefni af veraldarvefnum.

Námsmat í smiðjum: Símat þar sem eftirfaldir þættir liggja til grundvallar: Vinnusemi, hegðun, samvinna og áhugi.